

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um póstdreifingu í dreifbýli.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvernig hugsar ráðherra sér fyrirkomulag póstdreifingar í dreifbýli í framtíðinni?
2. Kemur til greina að auka póstdreifingu, t.d. úr þrisvar sinnum í viku í fimm sinnum í viku, þar sem það er mögulegt?
3. Á hvaða svæðum yrði byrjað ef til póstdreifingar fimm sinnum í viku kemur?
4. Hver yrði kostnaður við dreifingu pósts fimm sinnum í viku í dreifbýli? Hvernig skiptist þessi kostnaður á milli landshluta?